

## BMF-2017-17 Guide Book to the Geology

Sótt er um styrk til að greiða laun sérfræðings í einn og hálfan mánuð til að ljúka við bók sem heitir Guidebook to the Geology of East Iceland og fjallar bókin um jarðfræði Austurlands. Starfsmenn Breiðdalsseturs hafa unnið að bókinni síðan 2013. Nú þegar liggja fyrir drög að bókinni en stefnt er að því að gefa út 1000 eintök. Bókin nýtist m.a. sem grunnur til uppbyggingar jarðfræðitengdar ferðaþjónustu á Austurlandi. Fjölbreytni í ferðaþjónustu er mikilvæg til að höfða til sem flestra og tryggja sjálfbærni til framtíðar. Verkefnið fellur vel að markmiðum verkefnisins Breiðdælingar móta framtíðina. Jarðfræðitengd ferðaþjónusta (geotourism) er ekki í boði með skipulögðum hætti á Austurlandi enn sem komið er. Með þessari bók skapast tækifæri til að byggja slíka ferðaþjónustu upp, m.a. í tengslum við Breiðdalssetur.

Verkefninu var úthlutað 640.000 kr. í seinni úthlutun ársins 2017.